

24

28. febr. Handa biskupinum . . . . . 1000 —

13. grein A. b 5.

**25** — *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk*  
4. marz. handa búnaðarfjelagi. — Búnaðarfjelag suðuramtsins hefir 7. f. m. sent hing-

ad beiðni um, að það megi fá til umráða 850 kr. af þeim 2400 kr., sem með 10. grein fjárhagslaganna fyrir 1876—77 frá 15. okt. f. á. eru veittar fyrir yfirstandandi ár til eflingar landbúnaði, og ætlast fjelagið til að verja hinni umbednu upphæð, sem hjer segir:

1. Til launa handa búfræðingi Sveini Sveinssyni auk þeirra 200 kr., sem hið kgl. danska landbústjórnarfjelag hefir hingað til veitt, og búizt er við að enn verði veittar 600 kr.
2. Til eflingar vatnsveitingum . . . . . 200 —
3. Til ýmsra útgjalda, er af þessum báðum ráðstöfunum leiða . . . . . 50 —

þess utan hefir fjelagið beiðt um, að sjer yrði veittar 200 kr. af þeim 10,000 krónum, sem veittar eru í 15. gr. fjárlaganna, til að kaupa fyrir mjólkuráhöld og 300 kr. til að undirbúa nautgripasýningu með verðlaunum. Eptir að jeg nú í brjefi frá 1. þ. m. hef meðtekið ummæli herra amtmannsins um beiðni þessa, skal jeg til þóknarlegrar birtingar fyrir tjeðu fjelagi tjá yður það, er hjer greinir:

Þar eð það, sem hið kgl. danska landbúnaðarfjelag hefir skotið til launa búfræðings Sveins Sveinssonar, að undanförunu hefir verið veitt með því skilyrði, að hlutaðeigandi amt hjer á landi sjálft legði fram jafnmikið fje, og þar eð það virðist eiga vel við í sjálfsjer, að þess konar styrkur af landssjóði sje því skilyrði bundinn, að þeir sem næstir standa til hagsmuna af honum, leggi sjálfir altjend nokkuð fje til hans, hefi jeg af fje því, sem ætlað er í 10. gr. fjárhagslaganna til eflingar landbúnaði veitt fyrst um sinn

1. sem tillag til launa Sveins búfræðings Sveinssonar fyrir yfirstandandi ár . . . . . 400 kr.
2. til eflingar vatnsveitingum í suðuramtinu . . . . . 200 —
3. til að útvega mjólkuráhöld . . . . . 200 —

alls 800 —

og ávísað þessari upphæð úr jarðabókarsjóðnum til búnaðarfjelags suðuramtsins, og bið jeg því fengna hjálagða ávísun.

Hvort ástæða væri til að greiða tillag nokkurt af landssjóði til að koma fram gripasýningum verður undir því komið, hvernig menn hugsa sjer slikri sýningu fyrir komið, og í annan stað, hvort þeir leggja nokkurt fje fram, sem næstir standa til að hafa hag af henni, en um þessi atriði hefir hin fyrirliggjandi beiðni engar skýringar að færa.

Að svo miklu leyti, sem suðuramtinu gæti hlotnast ítarlegri hlutdeild en ofanefndar 800 kr., í þeim 2400 kr., sem 10 gr. fjárlaganna veitir til eflingar landbúnaðinum, má um það vænta nánari úrlausnar einhverntíma á árinu.

**26** — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um gufuskipsferðir*  
24. marz kring um landið. — Innanríkisstjórnin hefir í brjefi frá 29. f. m. skýrt mjer frá

að nú liti út fyrir að pósgufuskipsferðirnar milli Kaupmannahafnar og Íslands þegar að sumri verði auknar svo, að gufuskipið «Diana» fari eptirleiðis 3 ferðir á ári milli Kaupmannahafnar og strandanna á Íslandi; en gufuskip eitt er hið sameinaða gufuskipsfjelag í Kaupmannahöfn á, taki að sjer sjö árlegu ferðirnar milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, sem «Diana» hingað til hefir farið.

Með því að það er nú samt óvíst, hvenær búast má við, að viðgjörð þeirri á gufuskipinu «Diönu», sem byrjað er á, verði lokið, mun örðugt að ákveða ferðaáætlun fyrir ár það, er yfir stendur; en rjettast þykir að láta «Diönu» koma í hverri ferð við á Seyðisfirði, Raufarhöfn, Akureyri, Ísafirði og í Stykkishólmi og á Skagatrönd í 1. og 2. ferðinni frá Kaupmannahöfn og á 1. ferðinni aptur í leið sinni frá Reykjavík. Ef skipið verður til búið milli 20. maí og 1. júní, mun það geta snúið aptur frá Reykjavík seint í júnímánuði; en verði það ekki búið fyr en síðar, er tvísýnt, hvort það getur farið nema 2 ferðir fram og aptur þetta ár.

Samkvæmt þessu verð jeg eptir tilmælum innanrikisstjórnarinnar að skora á herra amtmanninn, að gjöra það kunnugt almenningi í hjeruðum þeim, er ferðanna munu helzt geta notið, á þann hátt, sem yður virðist bezt fallið, að líkindi sjeu til að «Diana» muni í sumar sigla upp fyrr nefndar hafnir.

Sömuleiðis skal jeg þjónustusamlega biðja herra amtmanninn að hlutast til um, að á hverjum komustað í amti því, sem yður er trúað fyrir, verði fyrir hæfilegur maður til að afgreiða skipið á fyrstu ferð þess, og þangað til skipstjórinn, premier-lautenant Wandel, getur samið um skipun á föstum afgreiðslumanni og komið með tillögur um það.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um fjárveitingarvald amtsráðs.* — Amtmaðurinn hafði sent landshöfðingja bönarbrjef frá prófasti sira Daniel Halldórssyni um, að honum yrði veitt hin venjulega þóknun 28 kr. fyrir ómak við samningu verðlagsskránna fyrir árið 1876—77, og var amtmanni svarað, að fjárveiting þessi væri, eptir að sveitastjórnartilskipunin frá 4. maí 1872 hefði öðlazzt gildi, ekki komin undir samþykki landshöfðingja. 27  
25. marz

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um styrk úr heiðursmerkjasjóði.* — Hin konunglega danska heiðursmerkjastjórn hefir skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 24. f. m. þóknast allramildlegast að fallast á, að greiddur verði ekkju fyrverandi hreppstjóra Ólafs Jónssonar Oddnýju Ólafsdóttur á Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu 50 kr. styrkur um árið úr heiðursmerkjasjóði, og skuli telja styrk þenna frá 1. janúar þ. á. 28  
25. marz

Þetta skal þjónustusamlega tjáð herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, og skal því við bætt, að landfógetanum hefir verið ritað um að greiða hlutaðeiganda gegn tilhtýðilegri kvittun og lifsskirteini, ofannefndan styrk með 25 kr. við lok hvers missiris, í fyrsta sinn 30. júní þ. á.

— *Brjef landshöfðingja til allra lögreglustjóra um styrktarmæli á brennivíni.* — Með skirskotun til laga þeirra um breytingu á tilskipun um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum frá 26. degi febrúarmán. 1872, sem voru staðfest 11. f. m., og prentað eru í stjórnartíðindum fyrir þetta ár A nr. 10, er yður herra sýslumaður, hjer með sendur styrktarmælir, sem hafa má við rannsóknir þær, er getur um í 2. gr. nefndra laga. Fyrirsögn um, hvernig nota skuli mæli þenna, fylgir honum. 29  
25. marz